





Ársskýrsla 2021



info@dansverkstaedid.com, sími: 6118244

kt: 560710-0700, dansverkstaedid.com

Grunngildi og markmið	3
Stjórn Dansverkstæðisins 2021	3
Starfsemi Dansverkstæðisins 2021	4
Æfingar og vinnustofur listamanna	4
Útskriftargjöf	5
Tímar og námskeið	6
Skólar, námskeiðshaldarar og aðrir leigutakar	6
Samstarf	6
Innlent samstarf	6
Reykjavík Dance Festival	6
Listasafn Reykjanesbæjar	7
Önnur innlend samstarfsverkefni	7
Erlent samstarf	7
Sérverkefni	8
Samstarf við unga listamenn	8
Gagnagrunnur um íslensk dansverk	8
Dans og aldur - ráðstefna	9
Fjárhagur og starfsmannamál	9
Fjárhagur	9
Starfsmenn	10
Samantekt	10
Yfirlit - á Dansverkstæðinu 2021	12

Grunngildi og markmið

Hreiður

Við erum griðastaður fyrir hæfileika og forvitni sem að stuðlar að uppbyggingu, miðlar þekkingu, nærir listamanninn og félagsandann.

Brú

Við tengjum einstaklinga og hópa við samfélagið og heiminn. Brúin á milli míkro og makró.

Rödd

Með rödd okkar höfum við áhrif, miðlum þekkingu og sköpum samtal.

Hringiða

Við erum rými fyrir kreatíft kaós.

Stjórn Dansverkstæðisins 2021

Aðalfundur Dansverkstæðisins fyrir árið 2020 var haldinn 31. mars 2021

Vegna samkomutakmarkanna var brugðið á það ráð að biðja stjórn, félagslega endurskoðendur og starfsmenn að sitja fundinn en streyma honum út til félagsmanna í gegnum facebook. Þessi framsetning gekk ágætlega en ljóst var að þetta hafði heftandi áhrif á skoðanaskipti og umræður.

Á fundinum var ný stjórn kosin

Steinunn Ketilsdóttir, formaður

Bryndís Nielsen, gjaldkeri

Sigurður Arent Jónsson, ritari

Valgerður Rúnarsdóttir, meðstjórnandi

Snædís Lilja Ingadóttir, meðstjórnandi

Varamenn: Rósa Ómarsdóttir, Melkorka Sigríður Magnúsdóttir.

Ný í stjórn voru Rósa Ómarsdóttir og Sigurður Arent. Úr stjórn gengu Ásgeir Helgi Magnússon og Gígja Jónsdóttir og er þeim þakkað óeigingjarnt starf í þágu Dansverkstæðisins.

Starfsemi Dansverkstæðisins 2021

Æfingar og vinnustofur listamanna

Meginhlutverk Dansverkstæðisins er að vera vinnustaður sviðslistamanna þar sem að hægt er að þróa og æfa ný sviðsverk eða stunda rannsóknarvinnu í sviðslistum. Árið 2021 var sannarlega sérkennilegt ár fyrir sviðslistamenn eins og árið á undan og kórónuveirufaraldurinn setti áfram mark sitt á alla starfsemi hér. Mikið var um endurskipulagningar, afbókanir, endurbókanir og tilfærslur en þrátt fyrir þetta var töluverð gróska í sjálfstæðu sviðslistasenuinni. Almennt var leiga listamanna ágæt á árinu og aukning í útleigu til listamanna frá árinu áður. Æfð voru 25 ný íslensk sviðsverk á Dansverkstæðinu árið 2021. Verk sem að fóru á svið víða um borg, í leikhúsum, söfnum og öðrum menningarhúsum, en langflest voru þau sýnd Tjarnarbíó. Tæmandi listi yfir þá sem leigðu eða voru í vinnustofu hér má sjá aftast í þessu skjali en nú verður stiklað á stóru varðandi starfsemi ársins 2021.

Í ársbyrjun 2021 voru í gildi miklar samkomutakmarkanir og því ekki hægt að halda viðburði eða danstíma. En listamenn gátu unnið hér þökk sé okkar góðu vinnuaðstöðu. Því hófst árið af krafti og það var unnið í öllum þremur sölum. Inga Huld Hákonardóttir æfði nýtt verk, *The Neind Thing*, í sal 1, Aðalheiður Halldórsdóttir var í vinnustofu í sal 2 og Linde Rongen hélt áfram vinnustofu frá desember 2020 í sal 3. Í febrúar var svo hluta samkomutakmarkanna aflétt og Linde bauð þá upp á mjög áhugaverða vinnustofusýningu, *Hofie Orbit*, í sal 3. Verkið er 3 tíma gjörningur í litlu rými en áhorfendur komu og fóru eins og þeim hentaði. Verkið var einnig sent út í streymi og varpað á vegg á 1. hæð þannig gátu áhorfendur einnig fylgst með þar eða heiman frá sér. Með þessu móti var hægt að dreifa áhorfendum og viðhafa góðar sóttvarnir. Afar góð mæting var á viðburðinn og gaman að sjá hér ungt sviðslistafólk koma saman.

Á vordögum voru spennandi ný íslensk leikrit æfð, *The last kvöldmáltíð* eftir Kolfinnu Nikulásdóttur og *Haukur og Lilja* eftir Elísabetu Jökulsdóttur. Einnig voru Katrín Gunnarsdóttir og Eva Signý Berger reglulega hér að þróa innsetningu sína *Alda* og Viktoría Sigurðardóttir æfði söngleikinn *5 ár*. Danshátíðin Vorblótið, samstarf Tjarnarbíós og Reykjavík Dance Festival, var á dagskrá í júní og fyrir hana unnu hér Erna Ómarsdóttir og Halla Ólafsdóttir *The Juliet duet*, Ragnheiður S. Bjarnason verkið *Hvít* og Steinunn Ketilsdóttir *The Practise Performed*.

Síðar í júní komu alþjóðlegir gestir. Emilie Gregersen kom á vegum Reykjavík Dance festival og APAP netsins og vann hér í 2 vikur. Einnig kom litháíska dansflokknum Low air með stóran hóp dansara hingað til að kynna íslensku dansskenningu. Þau buðu þau upp á opinn tíma og stutta vinnustofu sem að virkaði afar vel.

Frá lokum júní var rólegt á Dansverkstæðinu og mjög skýr munur frá árinu á undan þegar aukaúthlutun úr bæði borgarsjóði og sviðslistasjóði urðu til þess að margir listamenn unnu yfir sumarmánuðina. Þetta sýnir glögglega hversu miklu styrkúthlutanir ráða fyrir fagið og hvernig þær stjórna hverjir vinna og hvenær. Til að nýta salina og aðstöðu leituðumst við eftir samstarfi við Hitt húsið og buðum listhópum sem unnu með dans að vinna hér hjá okkur. Nánar er fjallað um þetta samstarfsverkefni hér fyrir neðan.

Haustið fór hressilega af stað og mikið að gera strax eftir verslunarmannahelgina þegar Reykjavík Dance Festival (RDF) hélt sína árlegu vinnustofuhátíð og fyllti húsið af listamönnum og áhorfendum. Íslenska óperan æfði upp verkið *La Traviata* í september og fylgdi þeim stór hópur listamanna og stjórnenda hingað. Sveinbjörg Þórhallsdóttir vann verkið *Rof* og Magga Stína/Fabúla hóf að þróa tónlistarleikhúsverkið *Day 3578*.

Samkomutakmarkanir fóru aftur að trufla starfseminu þegar líða tók á haustið en eins og áður náðum við að halda opnu að mestu þó að allt námskeiðs- og viðburðarhald dytti niður tímabundið. Í nóvember kom Steinunn Ketilsdóttir danshöfundur til æfinga. Hópur hennar hafði í þriggja reynt að frumsýna *Verk no 2* í Tjarnarbíói en alltaf lent í því að leikhúsum var lokað vegna samkomutakmarkanna. Að lokum var ákveðið að sýna verkið hér á Dansverkstæðinu og settu þau upp ljósmyndasýningu frá öllu ferlinu í sal 3 á sama tíma og sköpuðu afar skemmtilega umgjörð um sýninguna. Í desember voru verkin *Blóðuga kanínan* eftir Elísabetur Jökulsdóttur og *Alda* við æfingar í húsinu og var ákaflega gaman að geta klárað annað erfitt ár fyrir sviðslistamenn með 20 listamenn í húsi og finna fyrir sköpunargleðinni sem að þeim fylgdi.

Útskriftargjöf til nemenda LHÍ

Dansverkstæðið hefur síðustu tvö ár gefið útskriftarnemum af dansbraut LHÍ félagsaðild að Dansverkstæðinu útskriftarárið og 1 viku í vinnustofu. Við viljum með þessu hvetja ungu listamennina til dáða og minna þau á að hjá okkur mega þau þróa, vinna og leika sér eins mikið og tími gefst til. Vorið 2021 útskrifaðist stór hópur listamanna sem nú er að nýta sína “inneign”.

Tímar og námskeið

Morguntímar hófust í febrúar eftir að samkomutakmörkunum janúarmánaðar hafði verið aflétt. Tímarnir eru 60 - 75 mínútur, tvisvar í viku og eru aðgengilegir félagsmönnum okkar að kostnaðarlausu. Mikil ánægja var með tímuna og stemningin góð. Þó að aflýsa þurfti af og til vegna samkomutakmarkanna náðist að halda 60 morguntíma og hefur mæting aldrei verið betri. Einnig voru haldin 5 ólík og mislöng námskeið með erlendum gestakennurum í Butoh, masterclass í Klein tækni, opnum tíma með Lowair danshópnum frá Litháen, 2 daga námskeið *Spectators without performance* með pólskum hópi gestalistamanna auk vikulangrar vinnustofu með belgíska danshöfundinum Samir Calixto.

Heba Eir Kjeld sá um utanumhald á morguntímum frá haustönn. Hún samræmdi einnig allt kynningarefni og sá um að viðhalda góðu upplýsingaflæði á samfélagsmiðlum.

Skólar, námskeiðshaldarar og aðrir leigutakar

Fastir leigutakar eru Dansskóli Birnu Björns, Plíé listdansskóli og Salsa Iceland. Í október var svo samið við Taekwondodeild Knattspyrnufélags Reykjavíkur um leigu á sal í 18 mánuði. Þau hafa nú fast aðsetur í sal 2 auk þess sem að vera með skápa í almenningi á 2. hæð. Þetta hefur verið ágæt viðbót við fjölbreytta leigutaka okkar og vonir standa til að geta kynnt Taekwondo fyrir dönsurum þegar fram líða stundir.

Hér er einnig fjöldi námskeiða í ólíkum dansstílum og dansviðburðum eins og opnir tímar í spuna, dans í dimmu, yoga, pilates, húlladans, jallabína dans, zumba og 5 rytma dans.

Seinnihluti dags á haustönn var ákaflega þétt bókaður og komust færri að með námskeið en vildu. Eins jákvætt og þetta er fyrir okkar tekjuöflun hefur þetta þó þau áhrif að það þrengir að listamönnum sem æfa á dagtíma. Hér má ekki skilja eftir neitt í sölum og erfitt fyrir hópa sem að vinna með sviðsmynd eða stóra leikmuni að koma sér fyrir. Ennþá gengur sambúð allra hópa ágætlega en þetta er eitthvað sem að þarf að huga vel að til frambúðar.

Innlent samstarf


Reykjavík Dance Festival

Dansverkstæðið hefur frá stofnun verið í miklu og góðu samstarfi við Reykjavík Dance Festival. RDF hélt viðburðinn Baby rave á dansverkstæðinu í júní í tengslum við danshátíðina Vorblót. Vinnustofuhátíð RDF var á Dansverkstæðinu í ágústlok og unnu hér í tvær vikur danslistakonurnar Snædís Lilja Ingadóttir og Valgerður Rúnarsdóttir, Ásrún Magnúsdóttir, Gígja Jónsdóttir og Yelena Arakelow og sýndu allar verk í vinnslu í lok dvalar. Á haustmánuðum hófu hátíðirnar RDF og List fyrir alla áhugavert samstarf þar sem að

paraðir voru saman listamenn sem sköpuðu nýja dúetta. Hér var um að ræða mikilvægann vettvang til að fá fjölbreyttari listamenn á svið í dansi og að auki kynna samtímadansinn fyrir nýjum áhorfendum. Annað áhugavert verkefni var Litla systir leitt af Ásrúnu Magnúsdóttur. Litla systir er nokkurs konar skóli, listamannakollektíf eða námskeið fyrir ungmenni og er þeirra aðsetur hér á Dansverkstæðinu. Þetta verkefni hélt áfram árið 2022.

Listasafn Reykjanesbæjar

Í ársbyrjun hafði Helga Þórsdóttir, forstöðumaður Listasafns Reykjanesbæjar, samband og óskaði eftir aðstoð við að finna danslistamann til að taka þátt í sýningu á safninu. Eftir opið kall var danshöfundurinn Yelena Arakelow valin í verkefnið. Henni var boðin þátttaka í stórri samsýningu og hannaði bæði innsetningu og myndbandsverk auk þess að flytja dansgjörninga reglulega á opnunartíma safnsins. Þetta samstarf tókst afar vel til og gaman er að tengja danslistina við aðrar listgreinar á þennan hátt, koma danslistinni á framfæri í nýju samhengi og kynna hana utan Reykjavíkur.



Yelena Arakelow í innsetningu sinni í Listasafni Reykjanesbæjar í febrúar 2021

Önnur innlend samstarfsverkefni

Tvö verkefni fyrir unga danslistamenn voru æfð á vormánuðum er Forward Youth Company vann nýtt verk eftir Margréti Bjarnadóttur *Lag eftir Lag* og RVK dance project æfði og sýndi verk sitt *Dómsdagur* í vinnustofu með stórum hópi ungra dansara.

Alþjóðlegt samstarf

Dansverkstæðið er hluti af fjölbreyttum alþjóðlegum samstarfsverkefnum og tengslanetum. Eftir marga rafræna fundi var loks boðað aftur til nokkurrá staðfunda haustið 2021.

CROWD

Fyrsta ferðin erlendis í 2 ár var til Nottingham á Englandi þar sem að okkur var boðið að kynnast vinnustofuverkefninu CROWD. Netið einblínir á að tengja sviðslistamenn sem að vinna með dans í samfélaginu (e. community dance) og var á þessum tíma með fulltrúa frá 6 vinnustofum í 5 löndum. Crowd er fjármagnað af Goethe stofnuninni í Norður Evrópu og kostaði hún ferðina til Nottingham. Í kjölfarið af fundinum var netið stækkað og Dansverkstæðinu formlega boðin þátttaka.

Studio Trade

Studio Trade vinnustofunetið hélt fund á Euro Scene Leipzig listahátíðinni. Rósa Ómarsdóttir fór fyrir hönd Dansverkstæðisins á fundinn. Þar kynnti hún sína vinnu fyrir meðlimum Studio Trade og tengdist öðrum listamönnum í netinu. Ferð Rósu var styrkt af Thalíu ferðasjóði.

NB8 - handleiðsla framleiðanda

[Nordic Baltic mentoring circle](#) eða NB8 er handleiðsluverkefni fyrir framleiðendur í dansi og/eða sviðslistum. Opnað var fyrir umsóknir um haustið og í nóvember hittust fulltrúar netsins í Helsinki og völdu þátttakendur næsta árs. Fulltrúi Íslands verður Kara Hergils sviðslistakona og framleiðandi en að auki verða tveir íslenskir handleiðarar Ásgerður G. Gunnarsdóttir og Ragnheiður Skúladóttir. Verkefnið er styrkt af Norrænu Menningargáttinni og menningarsjóðum í Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku.

Keðja

Þrátt fyrir að nú séu ferðalög möguleg þá hafa rafrænir fundir fest sig í sessi. Meðlimir í [Keðju netinu](#) hafa haldið góðum tengslum og virku samtali síðustu ár og fundað mánaðarlega. Í netinu eru fulltrúar frá opinberum aðilum, leikhúsum, vinnustofum í dansgeiranum frá 16

stöðum í 12 löndum. Í gegnum faraldurinn reyndist vel að geta speglað sig í kollegum í nágrannalöndunum og heyra hver áhrif faraldursins á listamenn voru hjá þeim. Einnig var afar áhugavert að bera saman viðbrögð yfirvalda og hvernig stuðningi við listamenn var háttað. En nú er netið aftur farið af stað með viðburði og áætluð er vinnustofa og fundur snemma árs 2022.

Sérverkefni

Dansverkstæðið fékk styrk frá Mennta og menningarmálaráðuneytinu til nokkurra sérverkefna á árinu 2020. Eitt verkefnanna var hægt að klára á réttum tíma en önnur þurfti að endurhanna vegna kórónuveirufaraldursins og mun þeim ljúka um mitt ár 2022.

Samstarf við unga listamenn

Sumarið 2021 var farið í samstarf við Hitt húsið og þremur listhópum boðið að vinna á Dansverkstæðinu. Hóparnir deildu hér aðstöðu í júní og júlímánuði og nýttu einnig skrifstofuaðstöðuna, fengu lánaðan tækjabúnað og aðstoð við gerð kynningarefnis. Tekin voru skemmtileg örviðtöl við hópana og birt á samfélagsmiðlum okkar. Á sama tíma voru hér í vinnustofu Lív Smáradóttur og Theu Atladóttur. Ætlunin var að halda sameiginlega sýningu allra þessara hópa í tengslum við Menningarnótt 2021 en þar sem að henni var aflýst annað árið í röð var ekki hægt að framkvæma það. En hóparnir héldu minni sýningar og viðburði hver fyrir sig. Verkefnið mun halda áfram sumarið 2022.


Dans og aldur - ráðstefna

Dansverkstæðið vill stuðla að því að starf danslistamanna sé skoðað frá fjölbreyttum sjónarhornum og ýta undir möguleikann á rannsóknum í dansi. Norræna netið Rethink ageing einblínir dans og aldur og vill vinna gegn staðalmyndinni um hinn unga dansara á sviði. Í netinu eru danshöfundar sem að sjálfir eru að eldast, danshöfundar sem að sviðssetja verk með eldri borgurum en einnig listamenn sem að vinna með dans á hjúkrunarheimilum. Ólöf Ingólfssdóttir er íslenski fulltrúi netsins og hefur unnið með því frá árinu 2019. Eftir fjölda frestanna náðist loks að halda fund hér í Reykjavík í október og til að vekja athygli á málefningu hélt Dansverkstæðið opið málþing samhliða fundinum. Á málþinginu komu fram bæði listamenn og heilbrigðisstarfsmenn og var þannig unnið að því að tengja saman ólíkar greinar. Málþingið var að hluta til rafrænt þar sem ferðalög voru enn takmörkuð vegna kórónuveirufaraldursins. Málþingið skapaði sérlega áhugaverðar umræður og og leiðir vonandi af sér einhverjar tengingar og jafnvel hugarfarsbreytingar er kemur að dansi og því að eldast. Allur ferða- og upphaldskostnaður var greiddur úr norrænum sjóðum.

Fjárhagur og starfsmannamál

Tekjur

Tekjur Dansverkstæðisins voru rúmar 35 milljónir króna á árinu 2021. Rekstrarstyrkur Reykjavíkurborgar er 17 milljónir króna og styrkur frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu er 3 milljónir króna. Aðrar tekjur eru útleiga, árgjöld félagsmanna og ráðningarstyrkur frá Vinnumálastofnun. Tekjur af útleigu voru rúmlega rúmar 10 milljónir króna og hækkuðu um rúmar þrjár milljónir frá síðasta ári eða um 44% þrátt fyrir erfitt árferði í sviðslistum og námskeiðshaldi. Hér má sjá tekjuskiptingu ársins 2021




1. **Rekstrarstyrkur Reykjavíkurborgar 48% 17.000.000 kr.**
2. **Leigutekjur 29% 10.390302 kr.**
3. **Ráðningarstyrkur Vinnumálastofnunnar 11% 3.770.624 kr.**
4. **Rekstrarstyrkur Mennta og menningarmálaráðuneytisins 8% 3.000.000 kr.**
5. **Árgjöld og aðrar tekjur 4%, 1.148.000 kr**

Gjöld

Heildargjöld Dansverkstæðisins á árinu 2021 voru rúmar 39 milljónir króna. Húsnæðiskostnaður er lang stærsti útgjaldaliður okkar eða tæpar 26 milljónir króna. Innifalið í þeirri tölu er húsaleiga sem er um 17 milljónir kr., 5 milljónir í rekstur og viðhald húsnæðis og 3 milljónir í endurgreiðslu til Reykjavíkurborgar vegna standsetningar á Hjarðarhaga 47

árið 2018-19. Önnur gjöld eru launakostnaður upp á tæpar 12 milljónir króna og skrifstofukostnaður upp á rúma 1 milljón króna. Sjá má gjöld 2021 í töflu hér að neðan.



- 1. Húsaleiga 64% 25.764.196 kr.**
- 2. Launakostnaður 30% 11.790.198 kr.**
- 3. Skrifstofukostnaður 3% 1.178.638 kr.**
- 4. Afskriftir 2% 737.087 kr.**
- 5. Námskeið og viðburðir 1% 459.570 kr.**

Þrátt fyrir góða hækkun á leigutekjum ullu takmarkanir af völdum kórónuveirufaraldursins nokkru tekjutapi. Námskeiðshaldarar greiða hærri leigu en listamenn og því hefur bann við slíku áhrif á fjárhaginn, jafnvel þó að það gildi bara í skamman tíma. Skuldir Dansverkstæðisins voru komnar yfir 4 milljónir króna í lok árs 2021 og voru bæði ógreidd húsaleiga og ógreidd laun. Fundað var með fulltrúum Reykjavíkurborgar í desember til að finna lausnir á vandanum. Mættum við góðum skilningi hjá þeim og fékkst frestur á leigugreiðslum. Í lok desember kom svo loks vilyrði fyrir 3 milljónir króna styrk sem að sótt hafði verið um ári áður frá Mennta og menningarmálaráðuneytinu en fram að þeim tíma hafði verið óljóst hvert framlag ríkisins væri til Dansverkstæðisins. Í heild teljast tapaðar tekjur 2020-2021 vegna afleiðinga samkomutakmarkanna um 6.5 milljónir króna svo þessi styrkur er tæplega helmingur af töpuðum tekjum.

Starfsmenn

Tinna Grétarsdóttir hélt sinni 75% stöðu á árinu 2021 en ljóst er að einn starfsmaður dugir ekki til við rekstur þessa húsnæðis. Ákveðið var að nýta úrræði vinnumálastofnunnar um ráðningarstyrk og reyndist það afar vel. Ókosturinn við það úrræði er að ómögulegt er að halda starfsmanni lengur en 6 mánuði og því hefur þurft að skipta út starfsfólki þegar það er komið á gott flug í starfi.


Þrír frábærir starfsmenn hófu hér störf á árinu. Rex Beckett kom í apríl og var fram á haust. Rex hefur mikla reynslu sem menningarblaðamaður og við nýttum þessa sérþekkingu til að taka viðtöl við listamenn sem að voru við störf á Dansverkstæðinu og birta þau á heimasíðu okkar. Í júlí hóf Heba Eir Kjeld störf. Hún hefur séð um morguntíma, þróun fjölbreyttra verkefna og samfélagsmiðla auk þess að ganga rösklega í öll störf. Í lok árs var Magdalena Tworek ráðin inn en hún verður hér fram á mitt ár 2022. Magdalena sér um að þróa samstarfsverkefni með pólskum og norskum samstarfsaðilum og vinnur einnig að fjármögnun þessara verkefna.

Samantekt

Dansverkstæðið heldur áfram að byggja upp ímynd sína sem miðstöð sviðslista hér í borginni og sem æfingastaður fyrir dans og sviðslistafólk. Aðstaðan er algjörlega til fyrirmyndar og afar gott er að vinna í söluum. Framtíðarsýn okkar er að hægt verði að styðja mun betur við listamennina og veita þeim bæði meiri tíma og fjármagn til að stunda rannsóknir og þróa hugmyndir auk þess að vinna ný sviðsverk.

Rekstur Dansverkstæðisins er enn allt of tæpur og húsnæðið stendur ekki undir sér eins og er. Með því að halda áfram að styrkja eigin tekjugrundvöll er vonandi að jafnvægi í rekstri náist brátt. Hér þarf bæði að leitast við að fá betri samninga við styrktaraðila en einnig að halda áfram að auka leigutekjur.

Bráðnaðsynlegt er að fjölga aftur stöðugildum enda engin leið að þróa starfsemina áfram við núverandi skilyrði. Einn starfsmaður í hlutastarfi verður alltaf fastur í að sinna grunnþáttum s.s. bókunum og rukkunum. Meiri mannauður leiðir af sér fleiri verkefni og gerir okkur kleift að sækja um styrki í fjölbreytta sjóði. Þannig gætum við stutt betur við listamenn og danssamfélagið og tekið þátt í að lyfta dansinum upp á þann stall sem að hann á heima á.



Eftir frumsýningu á Verk no 2 eftir Steinunni Ketilsdóttur

Yfirlit - á Dansverkstæðinu 2021

Listamenn við æfingar nýrra jafnt sem eldri verka

Halla Ólafsdóttir og Erna Ómarsdóttir - The Juliet duet

Inga Huld Hákonardóttir - The Neind Thing

Steinunn Ketilsdóttir - Practise performed og verk nr 2

Valgerður Rúnarsdóttir og Snædís Lilja Ingadóttir - Derringur

Katrín Gunnarsdóttir og Eva Signý Berger - Alda / sólóverk fyrir RDF

The Last kvöldmáltíð - eftir Kolfinnu Nikulásdóttur í leikstjórn Önnu Maríu Tómasdóttur

Marble Crowd - þróunarvinna nýtt verk

Bíbí & Blaka - SPOR, æfingar fyrir sýningarferðalag

Viktoría Sigurðardóttir - 5 ár

Ásgeir Helgi Magnússon og Cameron Corbett - Svannavatnið

Edda productions - Haukur og Lilja eftir Elísabetu Jökulsdóttur

Skýjasmiðjan - Hetja

RVK Dance Project - Dómsdagur

Ragnheiður S. Bjarnason - Hvítt

Konserta - Sýningin okkar, samstarf við Þjóðleikhúsið

Sveinbjörg Þórhallsdóttir - Rof

Íslenska Óperan - La Traviata

List án landamæra og RDF - 3 ný sviðsverk

Fabúla - Day 3578

Annað svið/María Ellingsen - Það sem er

Lovísa Ósk Gunnarsdóttir - When the bleeding stops, enduropptaka

Menningarfélagið Selur - Þoka

Spindrift - Them

Fimbulvetur/Guðmundur Ingi Þorvaldsson - Blóðuga kanínan eftir Elísabetu Jökulsdóttur

Listamenn við þróun hugmynda

Stefán Árni - æfingar fyrir auglýsingu

Samantha Shay - æfingar fyrir myndbandsverk

Brynhildur Karlsdóttir - eigin vinna

Sesselja Ólafsdóttir - eigin vinna

Listamenn í vinnustofu

Linde Rongen
Aðalheiður Halldórsdóttir
Magdalena Tworek
Þorgerður Atladóttir og Lív Smáradóttir
Rex Beckett - upptökur á tónlistarmyndbandi
Valgerður Rúnarsdóttir
Njóra Rodriques
Kaisa Kukkonen

Samstarf

Listasafn Reykjaneshæjar og Dansverkstæðið - Yelena Arakelow
Reykjavík Dance Festival - Alþjóðlegt vinnustofuverkefni - RDF og APAP
Dansgarðurinn - Forward youth company æfingarrými fyrir nýtt verk hópsins eftir Margréti
Bjarnadóttur Lag eftir lag og samstarf um dansnámskeið fyrir börn með fötlun
Hitt húsið - samstarfsverkefni 3 listhópar hér í sumarvinnu
Improv hópur Yelena og Linde
Listhópar - Hitt Húsið
RVK dance project

Alþjóðlegt samstarf

CROWD vinnustofufundur Nottingham október - Tinna Grétarsdóttir
Studio Trade kynning í Leipzig í nóvember - Rósa Ómarsdóttir
Rethink Ageing - málþing um dans og aldur haldið á Dansverkstæðinu - Ólöf Ingólfssdóttir
NB8 - valfundur í Helsinki í nóvember - Tinna Grétarsdóttir

Viðburðir og sýningar

Linde Rongen - Hofie Orbit vinnustofusýning
Dómsdagur - sýning RVK dance productions
Baby rave - dansstuð RDF fyrir fjölskyldur
Vinnustofusýning APAP í júní
Reykjavík Fringe Festival - Open your heart eftir Taneli Törma
Vinnustofusýning Thea og Lív ágúst
Vinnustofusýningar RDF í ágúst
List án landamæra og RDF - sýning á verkum í vinnslu
Steinunn Ketilsdóttir - sýning á Verk no 2

Spindrift - sýning Them

Kennarar í námskeiðum og tímum

Námskeið og vinnustofur

Pólski hópurinn - helgarnámskeið

Butoh kvöldtími -

Karin Jameson - Klein kvöldtímar og morguntímar

Samir Calixto - vinnustofa

Morguntímar

Emilía B. Gísladóttir

Aðalheiður Halldórsdóttir

Andrean Sigurgeirsson

Erna Gunnarsdóttir

Margrét Maack

Sandrine Cassini

Sveinbjörg Þórhallsdóttir

Elisabeth Greasly

Auður Snorradóttir

Ástrós Guðjónsdóttir

Cornelius Carter

Kaisa Kukkonen

Erna Guðrún Fritzdóttir

Védís Kjartansdóttir

Sigríður Ásgeirsdóttir

Heba Eir Jónasdóttir Kjeld

Halla Þórðardóttir

Anais Barthe



Frá æfingu á verkinu Alda eftir Katrínu Gunnarsdóttur í desember 2021